

Íbúðalánasjóður
Samandreginn
árshlutareikningur
30. júní 2018

Íbúðalánasjóður
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Kt. 661198-3629

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar við árs hlutareikning	11

Skýrsla stjórnar

Samandreginn árshlutareikningur Íbúðalánasjóðs fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Afkoma tímabilsins

Afgangur varð af rekstri Íbúðalánasjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2018 að fjárhæð 1.474 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok tímabils nam 24.502 millj.kr og er eiginfjárlutfall 9,11%. Eiginfjárlutfall Íbúðalánasjóðs hefur ekki verið hærra frá stofnun sjóðsins árið 1999 en langtímamarkmið sjóðsins hvað eiginfjárlutfallið varðar er 5% skv. reglugerð nr. 544/2004 um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs.

Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu voru neikvæðar um 109 millj.kr. en voru jákvæðar um 532 millj.kr. á sama tímabili fyrra árs. Ekki hefur verið fært vaxtaframlag frá ríkissjóði í árshlutareikninginn að fjárhæð 299 millj. kr. til að bæta tapaðar vaxtatekjur á tímabilinu vegna höfuðstólslækkunar verðtryggðra fasteignalána sbr. lög nr. 35/2014 þar sem ekki hefur náðst samkomulag um greiðslu bótanna. Hreinar vaxtatekjur eru því lægri sem því nemur. Uppgreiðslugjöld teljast til vaxtatekna innan tímabilsins. Miklar uppgreiðslur á árinu hafa áhrif á þróun vaxtatekna og auka endurfjárfestingaráhættu sjóðsins en á móti uppgreiðslum fær sjóðurinn töluverðar tekjur af uppgreiðslugjöldum sem gera sjóðinn þó ekki skaðlausan. Rekstrarkostnaður tímabilsins var 953 millj.kr. og hækkar hann um 13,7% samanborið við sama tímabil fyrra árs. Aukinn rekstrarkostnað má rekja til þess að Íbúðalánasjóður tók við 15 nýjum starsmönnum við yfirtöku framkvæmd húsnæðisbóta 1. janúar sl. Rekstur húsnæðisbóta er fjármagnaður á fjárlögum. Íbúðalánasjóður greiðir á tímabilinu 81 millj.kr. til reksturs ríkisstofnananna Umboðsmanns skuldara og Fjármálaeftirlitsins eða sem nemur um 17% af öðrum rekstrarkostnaði sjóðsins.

Í tengslum við höfuðstólslækkun verðtryggðra fasteignaveðlána, sbr. lög nr. 35/2014, kom fram í bréfi velferðarráðuneytisins, dags. 19. desember 2014, að það væri skilningur bæði félags- og húsnæðismálaráðherra og fjármálaráðherra að Íbúðalánasjóði yrðu bætt þau neikvæðu áhrif sem lögin hefðu á sjóðinn. Síðan þá hefur sjóðurinn átt í viðræðum við stjórnvöld um með hvaða hætti tjónið yrði bætt líkt og rakið er í fyrri árs- og árshlutareikningum sjóðsins. Ríkissjóður hefur þegar greitt 1.658 millj. kr. til Íbúðalánasjóðs vegna þessa. Frekari greiðslur hafa ekki farið fram, m.a. vegna góðrar eigin- og lausafjárstöðu sjóðsins. Stjórnvöld hafa lýst því yfir að fyrri yfirlýsingar standi en að svo stöddu sé ekki ástæða til að ríkissjóður inni af hendi frekari greiðslur til Íbúðalánasjóðs vegna þessa.

Tjón vegna höfuðstólslækkunar er reiknað á ársgrundvelli sem mismunur væntra vaxtatekna þeirra útlána sem sættu leiðréttingu og raunávöxtun lausafjár sjóðsins á undangengnu ári. Við útreikinginn er þó horft til þess að viðkomandi útlán hefðu sætt hefðbundnu niðurgreiðsluferli, eða sætt uppgreiðslu áður en til lokagjalddaga þeirra hefði komið. Uppsafnaðar vaxtatekjur sem ekki hafa verið tekjufærðar nema samtals um 760 millj. kr.

Vanskil nema nú 2,0 % af heildarlánum en voru 2,1% í lok árs 2017. Í lok tímabilsins er fjárbinding vegna fullnustueigna 5.541 millj. kr. og lækkaði um 1.090 millj. kr. á milli tímabila. Sjóðurinn átti 333 eignir í lok tímabilsins. Af þeim voru 208 í útleigu og 125 í sölu og auðar.

Rekstur og áhætta

Auknar áskoranir eru í rekstri sjóðsins þar sem áframhaldandi uppgreiðslur af útlánum sjóðsins hafa áhrif á hreinar vaxtatekjur. Eftir því sem stærra hlutfall fjármuna efnahags er utan lánasafns dregur úr jöfnuði á milli eigna og skulda sjóðsins sem til framtíðar hefur neikvæð áhrif á afkomu. Sjóðurinn hefur hins vegar uppsafnað lausafé til þess að mæta greiðslufleði útistandandi skulda í fyrirsjáanlegri framtíð.

Íbúðalánasjóður er ekki rekinn í hagnaðarskyni og hefur því lítinn áhættuvilja en stjórn sjóðsins ákveður viðunandi áhættu eftir því sem lög og reglur heimila. Íbúðalánasjóður stendur frammi fyrir ýmis konar áhættu og er áhættustýring mikilvægur og órjúfanlegur þáttur af starfsemi sjóðsins. Vegna batnandi efnahagsaðstæðna hefur útlánaáhætta sjóðsins minnkað mikið þar sem ný útlán eru lítil og vanskil eldri útlána hafa minnkað og veðstaða batnað.

Skýrsla stjórnar, frh.

Rekstur og áhætta, frh.

Auknar uppgreiðslur hafa neikvæð áhrif á vaxtamun sjóðsins þar sem sjóðnum er óheimilt að greiða upp skuldir sínar (fjármögnun) fyrir gjalddaga og þarf að endurfjárfesta fjármunum sem tilkomnir eru vegna uppgreiðslna lána á lægri vaxtakjörum. Ný útlán eru einnig óveruleg þar sem sjóðurinn veitir nú nær eingöngu félagsleg lán. Sjóðnum eru því settar þröngar skorður þegar kemur að lánveitingum og því næstum öllum uppgreiðslum ráðstafað í eignir utan lánasafns.

Markmið með stefnu og stýringu eigna utan lánasafns er að lágmarka misvægi eigna og skulda. Helstu áskoranir við stýringu á eignum utan lánasafns eru vaxta- og verðbólguáhætta ásamt umfangi og stærð eigna utan lánasafns. Verðbólguáhætta felst í því að allar skuldir sjóðsins eru verðtryggðar en eignirnar að hluta til óverðtryggðar. Þetta felur í sér meiri áskoranir í stýringu fjármuna utan lánasafns. Fjárfestingarstefna sjóðsins er varfærin og taka fjárfestingar sjóðsins mið af því.

Eignir utan lánasafns nema í lok tímabilsins 37% af heildareignum sjóðsins eða samtals 275.790 millj. kr. Eignir og skuldir greiðast jafnt og þétt niður samkvæmt skilmálum en hafa líftíma til ársins 2044 sem er lokagjalddagi skulda. Eignum utan lánasafns hefur m.a. verið fjárfest í eignavörðum verðtryggðum skuldabréfum með svipaðan greiðsluferil til þess að auka jafnvægi á milli skulda og eigna sjóðsins og draga þannig úr tjóni sem hlýst af uppgreiðslum.

Félags- og jafnréttismálaráðherra hefur óskað eftir tilnefningum og hyggst skipa starfshóp um hvernig hið opinbera getur dregið úr áhættu ríkissjóðs vegna uppgreiðslna. Hópnum verður falið að leita lausna á vanda sem skapast hefur vegna uppgreiðslnanna. Ákvörðun um skipan starfshópsins kemur í kjölfar lagabreytingar á nýafstöðnu þingi þar sem Íbúðalánasjóði var breytt í stjórnvald á sviði húsnæðismála, húsnæðisstofnun að norrænni fyrirmynd. Umfang uppgreiðslna lána sjóðsins hefur haldið áfram að aukast undanfarið og nú stefnir í að uppgreiðslur áranna 2017 og 2018 muni nema allt að 150 milljörðum króna. Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að finna lausn sem dregur úr áhættu ríkisins vegna þessa og til skoðunar er hvernig hægt sé að nýta lánasafnið betur til að dragar úr misvægi eigna og skulda sjóðsins. Bæði Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands hafa nýverið bent á að breytt hlutverk Íbúðalánasjóðs og lagabreytingar þess efnis kalli á bókhaldslegan aðskilnað nýrra og eldri starfsemi sjóðsins.

Íbúðalánasjóður verður Húsnæðisstofnun

Hlutverki Íbúðalánasjóðs var breytt á nýafstöðnu þingi með lögum nr. 65/2018. Er sjóðurinn í kjölfar breytinganna stjórnvald á sviði húsnæðismála. Þá er gert ráð fyrir að nafni sjóðsins verði á næstunni breytt í Húsnæðisstofnun svo það samræmist betur núverandi hlutverki hans en á undanförunum árum hefur starfsemi Íbúðalánasjóðs þróast úr því að vera hefðbundin lánastofnun yfir í stefnumótunar- og stjórnvaldsstofnun á sviði húsnæðismála. Hlutverk Íbúðalánasjóðs verður nú sambærilegt við hlutverk systurstofnana sjóðsins Husbanken í Noregi og ARA í Finnlandi. Þær stofnanir bera ábyrgð á að framkvæma stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum, áætlunargerð og greiningar auk þess að halda utan um víðtækan húsnæðisstuðning, þar á meðal húsnæðisbætur, styrki og lánveitingar til einstaklinga, sveitarfélaga og félaga.

Félags- og jafnréttismálaráðherra hefur óskað eftir tilnefningum og hyggst skipa starfshóp sem fær það verkefni að vinna að heildstæðri húsnæðisstefnu fyrir Ísland og breytingu á heiti Íbúðalánasjóðs í Húsnæðisstofnun í samræmi við breytt hlutverk sjóðsins. Skipan starfshópsins er í samræmi við markmið stórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar á sviði húsnæðismála. Í stórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að stuðla skuli að bættu aðgengi landsmanna að öruggu húsnæði með eflingu stuðningskerfa, samræmdri stefnumörkun í uppbyggingu félagslegs húsnæðis og auknu gagnsæi á leigumarkaði. Þröskuldur ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn verði lækkaður.

Starfshópnum er ætlað að horfa til þessara markmiða en honum er ætlað að leggja drög að húsnæðisstefnu fyrir Ísland sem geti orðið grunnur að þingsályktunartillögu ráðherra. Slíka tillögu skal leggja fram að loknu húsnæðisþingi samkvæmt nýsamþykktum lögum um húsnæðismál. Í lögnum kemur fram að ráðherra leggi fyrir Alþingi, innan árs frá alþingiskosningum, tillögu til þingsályktunar um stefnumótun á sviði húsnæðismála til fjögurra ára í senn. Við gerð tillögunnar skuli meðal annars höfð hliðsjón af upplýsingum á sviði húsnæðismála sem Íbúðalánasjóður hefur safnað og húsnæðisáætlunum sveitarfélaga auk upplýsinga frá Íbúðalánasjóði um framvindu þeirra. Þingsályktun um stefnumótun á sviði húsnæðismála skal fjalla um öll þau verkefni sem ætlað er að tryggja landsmönnum öruggt húsnæði.

Skýrsla stjórnar, frh.

Yfirlýsing stjórnar Íbúðalánasjóðs og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur gefi glögga mynd af heildarafkomu, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu sjóðsins þann 30. júní 2018 og breytingar á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur sjóðsins og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, lýsi stöðu hans og helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við. Stjórn og forstjóri hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2018.

Í stjórn:


Haukur Ingibergsson
stjórnarformaður


G. Valdimar Valdemarsson


Asta Pálmadóttir


Sigurbjörn Ingimundarson

Forstjóri:


Hermann Jónasson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Íbúðalánasjóðs fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34, sem samþykktur hefur verið af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandreginn árshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2018, efnahag sjóðsins 30. júní 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2018, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, sem samþykktur hefur verið af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 31. ágúst 2018.

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2018

	Skýr.	2018 1.1.-30.6.	2017 1.1.-30.6.
Vaxtatekjur		25.178.042	24.779.469
Vaxtagjöld		(25.287.291)	(24.247.182)
Hreinar vaxtatekjur	21	(109.249)	532.287
Aðrar tekjur	22	221.523	94.502
Rekstrartekjur samtals		112.274	626.789
Laun og launatengd gjöld	23	507.044	415.075
Annar rekstrarkostnaður	24	410.038	389.067
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	25	41.475	38.935
Rekstrargjöld samtals		958.557	843.077
Tekjur umfram gjöld af fullnustueignum	26	92.356	83.260
Hreinar rekstrartekjur		(753.927)	(133.028)
Virðisaukning útlána og fullnustueigna	27	2.227.805	747.133
Hagnaður ársins og heildarafkoma		1.473.878	614.105

Skýringar á blaðsíðum 11 til 23 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Efnahagsreikningur 30. júní 2018

	Skýr.	30.6.2018	31.12.2017
Eignir			
Handbært fé	7	63.235.145	66.608.413
Kröfur á lánastofnanir	8	20.610.215	6.891.793
Markaðsverðbréf	9	0	11.249.780
Önnur verðbréf	10	191.944.451	163.655.406
Krafa á ríkissjóð	11	6.186.191	6.107.495
Útlán	12	462.521.863	499.989.109
Fullnustueignir	13	5.541.412	6.631.138
Rekstrarfjármunir	14	142.368	150.269
Óefnislegar eignir	15	135.399	166.005
Aðrar eignir	16	1.002.479	477.339
Eignir samtals		751.319.523	761.926.747
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	17	725.654.013	735.897.135
Önnur lántaka	18	370.237	818.745
Aðrar skuldir	19	793.509	317.178
Skuldir samtals		726.817.759	737.033.058
Eigið fé			
Stofnfé		57.655.408	57.655.408
Ójafnað tap		(33.153.644)	(32.761.719)
Eigið fé samtals	20	24.501.764	24.893.689
Skuldir og eigið fé samtals		751.319.523	761.926.747

Skýringar á blaðsíðum 11 til 23 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2018

Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2018:	Skýr.	Stofnfé	Ójafnað tap	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. janúar 2018		57.655.408	(32.761.719)	24.893.689
Áhrif innleiðingar IFRS9			(1.865.803) (	1.865.803)
Hagnaður tímabilsins og heildarafkoma		0	1.473.878	1.473.878
Eigið fé 30. júní 2018		57.655.408	(33.153.644)	24.501.764
Árið 2017				
		Stofnfé	Ójafnað tap	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. janúar 2017		57.655.408	(34.127.566)	23.527.842
Hagnaður ársins og heildarafkoma		0	1.365.847	1.365.847
Eigið fé 31. desember 2017		57.655.408	(32.761.719)	24.893.689

Skýringar á blaðsíðum 11 til 23 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2018

	2018	2017
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins og heildarafkoma	1.473.878	614.105
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur af kröfum á lánastofnanir og útlánunum	(7.847.830)	(5.726.962)
Verðbætur af lántökum	9.511.091	6.418.122
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	41.475	38.935
Virðisaukning	(2.227.804)	(993.628)
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Útlán	43.196.323	39.793.469
Fullnustueignir	2.261.630	3.959.411
Aðrar eignir	(532.409)	(91.067)
Aðrar skuldir	477.572	(361.645)
Handbært fé frá rekstri	<u>46.353.926</u>	<u>43.650.740</u>
 Fjárfestingarhreyfingar		
Markaðsverðbréf, breyting	0	(95.938)
Kröfur á lánastofnanir, breyting	(13.628.798)	41.099
Önnur verðbréf, breyting	(15.892.709)	(9.449.897)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	(2.967)	(52.192)
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(29.524.474)</u>	<u>(9.556.928)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar		
Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka, afborganir	(20.202.721)	(19.646.455)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(20.202.721)</u>	<u>(19.646.455)</u>
 Hækkun á handbæru fé	(3.373.269)	14.447.357
 Handbært fé í ársbyrjun	<u>66.608.413</u>	<u>53.171.360</u>
 Handbært fé í lok tímabils	<u>63.235.144</u>	<u>67.618.717</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 til 23 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Samandregnar skýringar

Almennar upplýsingar

1. Upplýsingar um Íbúðalánasjóð

Íbúðalánasjóður („sjóðurinn“) er með höfuðstöðvar að Borgartúni 21, Reykjavík. Tilgangur sjóðsins er að veita lán til íbúðarkaupa, nýbygginga og endurbóta íbúðarhúsnæðis á Íslandi, bera ábyrgð á úthlutun stofnframlaga til uppbyggingar almennra íbúða, gerð húsnæðisáætlana, stendur fyrir rannsóknum á húsnæðismarkaði og annast framkvæmd húsnæðisbóta. Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016, húsaleigulögum nr. 36/1994 og lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016 og lýtur sérstakri stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir velferðarráðuneytið. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með sjóðnum á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ríkissjóður Íslands ber ábyrgð á öllum fjárhagslegum skuldbindingum Íbúðalánasjóðs í samræmi við lög.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árs hlutareikningur sjóðsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla um árs hlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árs hlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2017.

Stjórn Íbúðalánasjóðs samþykkti samandreginn árs hlutareikning þann 31. ágúst 2018.

b. Matsaðferðir

Samandreginn árs hlutareikningur sjóðsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema í eftirfarandi tilfellum: Veltufjáreignir eru færðar á gangvirði og fullnustueignir á kostnaðarverði eða gangvirði, hvoru sem lægra reynist.

c. Starfrækslugjaldmiðill

Samandreginn árs hlutareikningur er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill sjóðsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árs hlutareikningsins er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir á reikningsskiladegi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Virðisrýrnun útlána, sjá skýringu 12.
- Fullnustueignir, sjá skýringu 13.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árs hlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2017 að undanskildum þeim breytingum sem fylgja innleiðingu nýrra staðla, IFRS 9 og IFRS 15 nánar er fjallað um breyttar reikningsskilaaðferðir vegna innleiðingar nýrra staðla í skýringu 31. Engar tekjur eða gjöld eru færð á yfirlit um heildarafkomu í reikningsskilum Íbúðalánasjóðs og því er afkoma tímabilsins sú sama og heildarafkoma.

Samandregnar skýringar, frh.:

4. Flokkun fjáreigna og fjárskulda við innleiðingu IFRS 9

Taflan hér að neðan sýnir upphaflega matsflokka samkvæmt IAS 39 og nýja matsflokka samkvæmt IFRS 9 fyrir fjáreignir og fjárskuldir þann 1. janúar 2018.

	Upphafleg		Upphaflegt	
	flokkun skv.	Ný flokkun	bókfært virði	Bókfært virði
	IAS 39	skv. IFRS 9	skv. IAS 39	skv. IFRS 9
Fjáreignir:				
Handbært fé.....	Lán og kröfur	Afskrifað kostnaðarverð	66.608.413	66.608.413
Kröfur á lánastofnanir.....	Lán og kröfur	Afskrifað kostnaðarverð	6.891.793	6.891.793
Markaðsverðbréf.....	Veltufjáreignir	Afskrifað kostnaðarverð	11.249.780	0
Önnur verðbréf.....	Lán og kröfur	Afskrifað kostnaðarverð	163.655.406	174.901.025
Krafa á ríkssjóð.....	Lán og kröfur	Afskrifað kostnaðarverð	6.107.495	6.107.495
Útlán.....	Lán og kröfur	Afskrifað kostnaðarverð	499.989.109	498.402.200
Fjáreignir samtals			754.501.996	752.910.926
Fjárskuldir:				
Verðbréfaútgáfa.....	Skuldir á afskr. kostnaðarverði	Afskrifað kostnaðarverð	735.897.135	735.897.135
Önnur lántaka.....	Skuldir á afskr. kostnaðarverði	Afskrifað kostnaðarverð	818.745	818.745
Aðrar skuldir.....	Skuldir á afskr. kostnaðarverði	Afskrifað kostnaðarverð	317.178	317.178
Fjárskuldir samtals			737.033.058	737.033.058

Taflan hér að neðan sýnir áhrif innleiðingar IFRS 9 á ójafnað tap.

Ójafnað tap	Áhrif innleiðingar 2018
Staða 31. desember 2017 samkvæmt IAS 39.....	(32.761.719)
Breyting vegna endurflokkunar fjáreigna og fjárskulda.....	(274.733)
Breyting vegna vænts útlánataps samkvæmt IFRS 9.....	(1.591.070)
Staða 1. janúar 2018 samkvæmt IFRS 9.....	(34.627.522)

Taflan hér að neðan sýnir lokastöðu afskriftareiknings útlána fyrir fjáreignir samkvæmt IAS 39 og áhrif innleiðingar IFRS 9 á opunarstöðu hans þann 1. janúar 2018.

Afskriftareikningur útlána og annarra fjáreigna	Áhrif innleiðingar 2018
Staða 31. desember 2017 samkvæmt IAS 39.....	6.917.267
Breyting vegna endurmats virðisrýrnar útlána í samræmi við IFRS 9.....	1.591.070
Virðisrýrnun annarra fjáreigna á afskrifuðu kosnaðarverði.....	4.162
Staða 1. janúar 2018 samkvæmt IFRS 9.....	8.512.499

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er aðgreinanlegur hluti rekstrar sem aflar tekna og gjalda sem eru aðgreinanlegur hluti starfseminnar. Stjórnendur skoða sérstaklega og meta frammistöðu og rekstrarniðurstöðu starfspáttarins ásamt því að ráðstafa fjármunum sérstaklega til þessa hluta starfseminnar. Fjárhagsupplýsingar vegna starfspátta þurfa að vera aðskildar í rekstrarlegum tilgangi til þess að hluti rekstrar teljist vera starfspáttur. Sjóðurinn skilgreinir starfsemi sína sem þrjá starfspætti. Þar af einn starfspáttur, lánastarfsemi, sem skýra þarf sérstaklega frá sökum stærðar. Aðrar starfspættir eru útgreiðslur húsnæðisbóta og umsýsla vegna stofnframlaga vegna almennra íbúða skv. lögum nr. 52/2016. Fram til 1. janúar 2018 var aðeins um einn starfspátt að ræða.

Samandregnar skýringar, frh.:

5. Starfspáttayfirlit, frh.

Taflan hér að neðan sýnir aðgreinanlegar upplýsingar um lánastarfsemi sjóðsins annars vegar og aðra starfspætti hins vegar.

	Lánastarfsemi	Aðrir starfspættir	Samtals
1. janúar - 30. júní 2018			
Hreinar vaxtatekjur.....	(109.249)		(109.249)
Aðrar tekjur.....	103.123	118.400	221.523
Rekstrartekjur samtals.....	(6.126)	118.400	112.274
Rekstrargjöld samtals.....	806.070	152.487	958.557
Tekjur umfram gjöld af fullnustueignum.....	92.356		92.356
Hreinar rekstrartekjur.....	(719.840)	(34.087)	(753.927)
Virðisaukning útlána og fullnustueigna.....	2.227.805		2.227.805
Hagnaður ársins og heildarafkoma.....	1.507.965	(34.087)	1.473.878

30. júní 2018

Eignir samtals.....	751.269.273	50.250	751.319.523
Skuldir samtals.....	726.733.425	84.334	726.817.759
Hlutdeild í eigin fé.....	24.535.851	(34.087)	24.501.764

6. Fjáreignir og fjárskuldir

Sjóðurinn hefur innleitt IFRS 9 frá 1. janúar 2018. Við innleiðinguna voru samanburðartölur ekki færðar til samræmis við staðalinn og eru samanburðar tölur frá 31. desember 2017 því ekki að fullu samanburðarhæfar. Áhrif breytinganna eru skýrð í skýringu 4 auk þess sem skýrt er nánar frá þeim breytingum sem upptaka staðalsins hefur í för með sér í skýringu 33.

Taflan hér að neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins í samræmi við IFRS 9 og gangvirði þeirra.

	Afskrifað kostnaðarverð	Gangvirði í gegnum rekstrarreikning		Samtals bókfært verð	Gangvirði
		Tilskyld	Tilgreint		
30. júní 2018					
Eignir:					
Handbært fé.....	63.235.145	0	0	63.235.145	63.235.145
Kröfur á lánastofnanir.....	20.610.215	0	0	20.610.215	20.604.966
Önnur verðbréf.....	191.944.451	0	0	191.944.451	197.220.468
Krafa á ríkissjóð.....	6.186.191	0	0	6.186.191	6.190.122
Útlán.....	462.521.864	0	0	462.521.864	548.474.500
Fjáreignir samtals.....	744.497.866	0	0	744.497.866	835.725.201
Skuldir:					
Verðbréfaútgáfa.....	(725.654.013)	0	0	(725.654.013)	846.181.570
Önnur lántaka.....	(370.237)	0	0	(370.237)	548.593
Aðrar skuldir.....	(793.509)	0	0	(793.509)	846.182
Fjárskuldir samtals.....	(726.817.759)	0	0	(726.817.759)	847.576.345

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 39 *Fjármálagerningar: færsla og mat* greinast fjáreignir og fjárskuldir í ákveðna flokka. Flokkunin hefur áhrif á það hvernig fjármálagerningar eru metnar. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir sjóðsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er sem hér segir:

- Veltufjáreignir - eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning
- Lán og kröfur - eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði
- Aðrar fjárskuldir - eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Samandregnar skýringar, frh.:

6. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða flokki fjáreignir og fjárskuldir sjóðsins tilheyra í samræmi við IAS39, sem og gangvirði þeirra:

	Veltufjár- eignir	Lán og kröfur	Skuldir á afskrifuðu kostnaðar- verði	Samtals bókfært verð	Gangvirði
31.desember 2017					
Eignir:					
Handbært fé.....		66.608.413		66.608.413	66.608.413
Kröfur á lánastofnanir.....		6.891.793		6.891.793	6.891.793
Markaðsverðbréf.....	11.249.780			11.249.780	11.249.780
Önnur verðbréf.....		163.655.406		163.655.406	181.582.453
Krafa á ríkssjóð.....		6.107.495		6.107.495	6.107.495
Útlán.....		499.989.109		499.989.109	599.951.980
Fjáreignir samtals.....	11.249.780	743.252.216	0	754.501.996	872.391.914
Skuldir:					
Verðbréfaútgáfa.....			735.897.135	735.897.135	869.286.412
Önnur lántaka.....	0	0	818.745	818.745	818.745
Aðrar skuldir.....			317.178	317.178	317.178
Fjárskuldir samtals.....	0	0	737.033.058	737.033.058	870.422.335

Gangvirði útlána er metið með því að núvirða greiðsluflæði útlánasafnsins með ávöxtunarkröfu Íbúðabréfa auk 1,0% álags. Álagið endurspeglar kostnað við rekstur lánasafnsins og útlánaáhættu auk uppgreiðsluáættu í tilvikum lána sem eru án uppgreiðsluákvæðis.

Gangvirði Íbúðabréfa byggir á gengi bréfanna á markaði í lok tímabils. Gangvirði Húsnæðisbréfa er metið með núvirðingu greiðsluflæðis með vöxtum Íbúðabréfa auk 0,5% vaxtaálags, vegna lakari seljanleika en í tilvikum Íbúðabréfa. Gangvirði Húsnæðisbréfa er metið með núvirðingu á vöxtum Íbúðabréfa auk 1,0% álags vegna seljanleika- og uppgreiðsluáættu bréfanna.

Þau ríkisverðbréf sem flokkuð voru sem veltufjáreignir samkvæmt IAS 39 eru nú færð á afskrifuðu kostnaðarverði samkvæmt IFRS 9. Gangvirðismatið byggir á uppgjöfum verðum á virkum markaði fyrir sams konar eignir.

Gangvirði annarra verðbréfa sem færð eru á kaupkröfu í ársreikningnum er metið á síðasta þekkta markaðsverði einstakra flokka.

7. Handbært fé og bundnar innstæður

Handbært fé og bundnar innstæður greinast þannig:	30.6.2018	31.12.2017
Óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands	54.240.682	58.743.186
Óbundnar innstæður í fjármálastofnunum	8.994.462	7.865.227
Handbært fé samtals	63.235.145	66.608.413

8. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:	30.6.2018	31.12.2017
Millibankalán	9.704.603	3.053.801
Aðrar kröfur	49.229	691
Bankavíxlar	10.856.383	3.837.300
Kröfur á lánastofnanir samtals	20.610.215	6.891.792

9. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf greinast þannig:	30.6.2018	31.12.2017
Skráð ríkisverðbréf á gangvirði	0	11.249.780
Markaðsverðbréf samtals	0	11.249.780

Sjá nánar um endurflokkun eigna í skýringu nr. 4

Samandregnar skýringar, frh.:

10. Önnur verðbréf

Önnur verðbréf greinast þannig:	30.6.2018	31.12.2017
Sértryggð skuldabréf færð á kaupkröfu	120.978.618	115.290.704
Skuldabréf sveitarfélaga	5.141.960	1.465.641
